

Efnisyfirlit:

| | Bls. |
|---|------|
| Niðurstaða nefndarinnar | 2 |
| Staðreyndir um loðdýrarækt á Íslandi í dag | 3 |
| Fyrirgreiðsla stjórnvalda á undanförunum árum | 4 |
| Framleiðsla og markaðsmál | 5 |
| Framleiðslukostnaður | 6 |
| Hráefnisöflun | 6 |
| Núverandi staða í ljósi sögunnar | 6 |
| Erfiðleikar á markaði | 7 |
| Byggt á fenginni reynslu | 7 |
| Lokaorð | 8 |

Hinn 4. september 2003 skipaði landbúnaðarráðherra nefnd sem hefur það hlutverk að leita lausna á þeim bráða rekstrarvanda sem nú steðjar að loðdýraræktinni í landinu. Jafnframt skal nefndin huga að mögulegum leiðum til þess að jafna samkeppnisstöðu greinarinnar gagnvart framleiðendum í öðrum löndum, draga úr neikvæðum áhrifum verðsveiflna á mörkuðum og á annan hátt auka rekstraröryggi í greininni til langs tíma.

Niðurstaða nefndarinnar

Á undanförunum árum hefur þróunin í loðdýraræktinni verið mjög jákvæð í öllum megin atriðum. Frjósemi dýranna hefur aukist, stærð skinnanna vaxið og gæði feldsins batnað. Þetta eru þau megin atriði sem vert er að gefa gaum og því rétt að áætla að á tiltölulega fáum árum geti loðdýrabúskapur á Íslandi náð því lokamarkmiði að verða sjálfstæð útflutningsgrein í harðri alþjóðlegri samkeppni. Það sem stendur loðdýraræktinni fyrst og fremst fyrir þrifum er verð á fóðri. Fóðurverð í helstu samkeppnislöndunum er um 17 kr/kg, eða 32 -34% af reiknuðu meðalverði skinna. Hér á landi er fóðurverðið hins vegar að jafnaði 24,5 kr/kg, heimkomið til bónda, eða 52-55% af reiknuðu meðalverði skinna, þrátt fyrir að hráefnisverð er mun lægra hér en í nágrannalöndunum. Nefndin telur að áhrifaríkasta leiðin til þess að efla samkeppnisstöðu greinarinnar sé að endurskipuleggja fóðurframleiðsluna þannig að verð á loðdýrafóðri verði sambærilegt við það sem gerist í samkeppnislöndunum. Þar til þeim áfanga hefur verið náð verði fóðurniðurgreiðslum viðhaldið og þær auknar að því marki. Jafnframt verði hugað að öðrum mögulegum leiðum til þess að jafna samkeppnisstöðu greinarinnar gagnvart framleiðendum í öðrum löndum og stuðla með því að greinin geti vaxið og þannig orðið traust stoð í dreifbýli landsins.

Nefndin leggur því til að:

- Tryggt verði fjármagn til greinarinnar á fjárákaldögum 2003, til að forða þeirri vá sem afkomuleysi í greininni veldur.
- Búgreinin verði styrkt áfram nokkur ár í viðbót þar til því framtíðar markmiði er náð að greinin verði sjálfstæð útflutningsgrein sem staðið geti á eigin fótum.

Nefndin mun síðar gera grein fyrir tillögum sínum í þeim efnum.

Sjá meðfylgjandi greinargerð.

Reykjavík, 2. október 2003

Hákon Sigurgrímsson

Einar Oddur Kristjánsson

Hjálmar Árnason

Björn Halldórsson


Einar E Einarsson

Greinargerð


1. Staðreyndir um loðdýrarækt á Íslandi í dag

Þegar staða loðdýraræktar á Íslandi nú er skoðuð blasa eftirtaldar staðreyndir við:

- Starfandi loðdýrabú eru nú 40 talsins, þar af eru 25 minkabú, 12 refabú og 3 bú með hvorutveggja. Framleiða þessi bú að meðaltali um 150.000 minkaskinn og 15.000 refaskinn á ári.
- Útflutningsverðmæti greinarinnar hefur síðustu ár verið á bilinu 350 - 450 milljónir króna á ári (sjá mynd 1).
- Ársverk í loðdýrarækt eru nú 80-100, nánast öll í dreifbýli.
- Stærð rekstrareininga í loðdýrarækt hefur vaxið mjög á síðustu árum og er meðal loðdýrabú hér á landi umtalsvert stærra en bæði í Noregi og Finnlandi en svipað og í Danmörku.
- Mikil reynsla og þekking er orðin til í landinu sem nýta má til framfara og uppbyggingar á greininni.
- Miklar framfarir hafa orðið í ræktun dýranna þ.e.a.s. í frjósemi, stærð dýra og feldgæðum síðustu 4-5 ár. Þar vegur þyngst skipulagður innflutningur kynbótadýra og átak bænda og leiðbeinenda í bættri fóðurgerð og meiri fagmennsku heima á búunum. Á mynd 2 má sjá þróun í hlutfalli stórra skinna hjá íslenskum bændum miðað við alla sem selja hjá Copenhagen Fur Center (CFC). Eitt af mikilvægustu ræktunarmarkmiðunum er að framleiða stór skinn.



Mynd 1. Heildar útflutningsverðmæti íslenskra loðskinna frá árinu 2000-2003 á verðlagi hvers árs.



Mynd 2. Þróun í hlutfalli stórra skinna hjá íslenskum minkabændum samanborið við alla minkabændur sem selja skinn sín hjá CFC.

2. Fyrirgreiðsla stjórnvalda á undanförunum árum - hvers vegna er þörf aðgerða nú?

Á undanförunum 3 - 4 árum hafa all margar úttektir verið gerðar á stöðu loðdýraræktar hér á landi. Þegar niðurstöður þeirra eru skoðaðar, kemur í ljós að það er mat allra þeirra sem að þessum úttektum hafa komið að loðdýrarækt á Íslandi eigi framtíð fyrir sér. Helstu ástæður þess eru taldar:

- Nægjanlegt magn af góðu hráefni til fôðurgerðar er fáanlegt í landinu.
- Engar hindranir né aukakostnaður er vegna staðsetningar landsins gangvart markaði.
- Auðvelt er að flytja inn þekkingu og erfðaefni fyrir greinina frá öðrum löndum.
- Heilbrigður dýrastofn.
- Nægjanlegt landrými er fyrir hendi og umhverfisaðstæður góðar.

Á grundvelli þessara úttekta hafa stjórnvöld veitt loðdýraræktinni umtalsverða fyrirgreiðslu sem ætlað var að treysta stöðu hennar til frambúðar. Má þar nefna átak í innflutningi erfðaefnis og átak til að auka gæði fôðurs. Eðlilegt er að spurt sé nú þegar enn er farið fram á aðstoð stjórnvalda við greinina hvað hafi á skort í fyrirgreiðslu síðustu ára eða breytt rekstrarumhverfinu svo að á ný sé þörf opinbers stuðnings. Ef litið er á tillögur sem komu frá síðustu nefnd sem skipuð var árið 2001 kemur eftirfarandi í ljós:

1. Lagt var til að fóður yrði greitt niður næstu 3 ár (2001-2003), um 45 milljónir á ári eða samtals 135 milljónir. Reyndin varð sú að samþykktar voru 45 milljónir árið 2001, 30 milljónir 2002 og 15 milljónir 2003, samtals 90 milljónir. Því skortir 45 milljónir króna á að farið hafi verið að tillögum nefndarinnar.
2. Lagt var til að farið yrði í endurfjármögnun þeirra bóa sem þess óskuðu með aðstoð Byggðastofnunar. Þessi vinna hófst strax vorið 2001 en er því miður ekki enn að fullu lokið og eru fyrir því margar ástæður. Sá dráttur sem orðið hefur á þessari fyrirgreiðslu hefur rýrt mjög gildi hennar gagnvart einstaka bændum og auk þess tafið framgang á öðrum mikilvægum málum fyrir greinina.
3. Lagt var til að rekstargrundvöllur fóðurstöðva yrði tryggður, meðal annars með fjárhagslegri endurskipulagningu. Ekkert hefur orðið úr framkvæmdum í þessu efni meðal annars vegna mikils dráttar á fjárhagslegri endurskipulagningu bóanna.

Ljóst er að vegna ágalla á framkvæmd tillagnanna hefur sá árangur sem að var stefnt ekki náðst.

3. Framleiðsla og markaðsmál

Enginn opinber framleiðslustýring er í loðdýrarækt, hvorki héraendis né erlendis. Heimsframleiðsla skinna hefur verið nokkuð stöðugt síðustu ár og ekki líkur á stórfelldri aukningu, meðal annars vegna hertra krafna í umhverfismálum og takmarkaðs landrýmis. Öll skinn eru seld á uppboðum við hamarshögg. Þeir sem framleiða bestu vöruna með lægstum tilkostnaði lifa af. Öll sala skinna og markaðssetning þeirra fer fram á vegum þeirra tveggja uppboðhúsa sem starfrækt eru í Evrópu og eru íslenskir loðdýrabændur aðilar að þeim. Flestir eru aðilar að Copenhagen Fur Center í Kaupmannhöfn en Samband íslenskra loðdýrabænda hefur samstarfssamning við það fyrirtæki. Bændur hér á landi borga fast gjald fyrir tryggingar, flutning, flokkun, sölu og allt markaðsstarf vegna sölu skinnanna. Það er sama gjald og aðrir bændur í heiminum greiða og því er lega landsins gagnvart markaðnum ekki á nokkurn hátt hamlandi.

Verð á minkaskinum hefur verið stöðugt síðustu 4-5 ár mælt í dollurum (sjá töflu 1.), en veik staða dollars og til viðbótar sterk staða íslensku krónunnar hefur haft þau áhrif að skilaverð til bænda á árinu 2003 er um 20% lægra en árið 2002. Þetta hefur leitt af sér um 80 millj. króna tekjumissi fyrir greinina á yfirstandandi ári miðað við síðasta ár. Að meðaltali er verðlækkunin rúmar 400 kr/skinn eða um tveggja milljón króna lægri launagreiðslugeta á meðalbúið. Eðlileg launþörf við framleiðslu skinna er að jafnaði 400-450 kr/skinn. Þetta er í raun sá bráði rekstarvandi sem greinin glímir við í dag.

Tafla 1. Þróun á meðalverði allra íslenskra skinna sem seld voru hjá Copenhagen Fur Center (CFC), í dollurum.

| Söluárið | Meðalverð hjá CFC í dollar |
|----------|----------------------------|
| 99/00 | 25,1 |
| 00/01 | 23,5 |
| 01/02 | 23,2 |
| 02/03 | 24,7 |

4. Framleiðslukostnaður

Stærsti einstaki kostnaðarliðurinn við framleiðslu loðskinna er fôðurkostnaðurinn. Fôðurverð hér á landi er nú að jafnaði 24,5 kr/kg fôðurs heimkomið til bónda eða 52-55% af reiknuðu meðalverði skinna. Fôðurverð í helstu samkeppnislöndunum er um 17 kr/kg, eða 32-34% af reiknuðu meðalverði skinna. Þetta er skýrasta dæmið um þann aðstöðumun sem íslenskir loðdýrabændur búa við borið saman við stéttarbræður þeirra í nágrannalöndunum. Hagþjónusta Landbúnaðarins gerði á vordögum 2003 úttekt á verðmyndun loðdýrafôðurs hjá þeim fôðurstöðvum hér á landi sem selja fôður til annars aðila. Þar kemur meðal annars fram að hráefnisverð hér er um 53% af fôðurverðinu en hjá fôðurstöðvum í Danmörku er það um 85%. Þetta þýðir í raun að hráefnisverð í hverju kíló af fôðri er lægra hér á landi en í löndunum í kringum okkur. Það er því annar kostnaður en hráefniskostnaðurinn sem hleypir verðinu upp hér á landi. Samkvæmt skýrslu Hagþjónustunnar eru stærstu liðirnir að hráefninu frátölu, launakostnaður, fjármangskostnaður og flutningskostnaður á hrávörum og tilbúnum fôðri. Hafa verður í huga að fôðurstöðvar hér á landi eru hlutfallslega smáar og því dreifist annar kostnaður en hráefni á tiltölulega lítið magn.

Ef annar rekstarkostnaður loðdýrabúa hér á landi er borinn saman við rekstarkostnað loðdýrabúa erlendis má segja að hann sé nokkuð svipaður að fjármangskostnaðinum undanskyldum. Fjármangskostnaður hérlendis er mun hærri en í helstu samkeppnislöndum okkar, en segja má að aðrir kostnaðarliðir jafni sig út í samanburði, þ.e.a.s. sumt er okkur hagstæðara eins og t.d. kostnaður vegna úrgangslausunar en á móti kemur heldur hærri byggingarkostnaður hér á landi vegna strangari krafna hérlendis um styrkleika húsa. Rétt er þó að benda á að nú gefst bændum kostur á að taka afurðalánin hjá uppboðshúsunum með 3,5-5,0% vöxtum borið saman við 7,5-9,0% vexti hér á landi.

5. Hráefnisöflun

Mikið fellur til af góðu hráefni í loðdýrafôður hér á landi, bæði frá fisk- og sláturiðnaði, en ætla má að það séu 150-200 þúsund tonn á ári. Einungis lítill hluti þessa hráefnis er nú nýttur í loðdýrafôður eða um 6-7 þúsund tonn á ári. Danskir loðdýrabændur kaupa hér á landi um 15 þúsund tonn af fiskúrgangi til nýtingar í loðdýrafôður og flytja til Danmerkur ár hvert. Þá eru danskir fôðurframleiðendur nú að kanna möguleikana á að flytja sláturúrgang héðan til fôðurgerðar í Danmörku. Langstærstan hluta af öllum þeim fisk- og sláturúrgangi sem til fellur í landinu væri hægt að nýta í loðdýrafôður. Ljóst er af þessu að vaxtarmöguleikarnir í loðdýrarækt hvað fôðuröflun varðar eru gífurlegir ef aðrar forsendur eru fyrir hendi. Flest bendir til að þjóðfélagið muni á komandi árum og áratugum bera aukinn kostnað af förgun úrgangs frá matvælaíðnaðinum og má því búast við að þrýst verði á um nýtingu hans til verðmætaskapandi framleiðslu, svo sem í loðdýrarækt.

6. Núverandi staða í ljósi sögunnar

Þegar núverandi staða loðdýraræktarinnar er skoðuð er gagnlegt að skyggast til baka. Eftir 1980 komst verulegur skriður á loðdýrarækt hér á landi eftir alllangt hlé. Við uppbyggingu greinarinnar á þeim tíma virðist verulega hafa skort á stefnu og skipulag. Í upphafi þessa tímabils var loðdýraræktinni ætlað að koma að hluta í staðinn fyrir samdrátt í hefðbundnum búgreinum og því má færa rök fyrir því að greinin hafi í upphafi

ekki verið nægilega byggð upp á hennar eigin forsendum. Búunum var dreift víða um land með þeim afleiðingum að fôðurstöðvar urðu margar og smáar og ekki í stakk búnar til að sinna hlutverki sínu. Vegna örrar fjölgunar búa hér á landi án reglulegs innflutnings kynbótadýra varð framþróun í ræktun mun hægari en ef farið hefði verið hægari í sakirnar. Einnig kann það að hafa haft áhrif að það umhverfi sem dýrunum mætti hér á landi, veðurfarslega og á annan hátt, var þeim framandi. Mikilvægt er að hafa í huga að með tilkomu loðdýraræktar í íslenskum landbúnaði var í raun ráðist í það risa vaxna verkefni að kenna á skömmum tíma stórum hluta heillar starfsstéttar verklag og hirðingu dýra sem flestum var algjörlega framandi. Þrátt fyrir þetta voru takmarkaðar kröfur um þekkingu og starfsreynslu gerðar til þeirra sem hófu þessa starfsemi. Fagleg þekking meðal þeirra sem hófu loðdýrarækt var því í mörgum tilfellum mjög takmörkuð og hin mikla dreifing búanna olli því að þeir sem í greininni störfuðu höfðu lítinn faglegan stuðning hver af öðrum. Leiðbeiningaþjónusta var ófullnægjandi.

7. Erfiðleikar á markaði

Ef skoðuð er verðþróun skinna á heimsmarkaði síðustu áratugi sést að verðið hefur sveiflast mikið. Þegar uppbygging loðdýraræktarinnar hér á Íslandi var í hámarki á árunum 1983-1988 var heimsmarkaðsverð á skinnnum mjög hátt. Mikil bjartsýni ríkti í greininni og í lok þessa tímabils náði fjöldi loðdýrabúa hér á landi hámarki, en þau urðu flest 240 talsins. Haustið 1987 fóru skinn hinsvegar að falla í verði og fór verðið þá langt undir framleiðslukostnað. Verðfall þetta stóð fram undir 1995 og leiddi til mikillar fækkunar loðdýrabúa hér á landi þar eð fæstir voru undir þetta áfall búnir. Mikill samdráttur varð einnig í loðskinnaframleiðslu í samkeppnislöndunum. Helstu ástæður verðhrunsins voru bággt ástand efnahagsmála í heiminum og stóraukið framboð skinna. Mest varð heimsframleiðslan 44 milljónir skinna á ári, en er í dag um 30 milljónir skinna. Þetta hrun olli því að framþróun í ræktun og fagmennska í fôðurstöðvum og heima á búnum stöðvaðist að mestu með þeim afleiðingum að gæði og stærð íslenskra skinna varð langt að baki því sem gerðist í nágrannalöndunum.

8. Byggt á fenginni reynslu

Þrátt fyrir þetta áfall var það sameiginlegt mat stjórnvalda og þeirra bænda sem í greininni störfuðu að mikilvægt væri að loðdýrarækt yrði áfram hluti af íslenskum landbúnaði. Þrátt fyrir erfiðleikana hafði mikilvæg reynsla fengist af loðdýrarækt hjá þeim bændum sem áfram störfuðu í greininni. Greinin er í eðli sínu fyrst og fremst dreifbýlisatvinnugrein og því afar mikilvæg í byggðarlegu tilliti. Einnig ber að hafa í huga að loðdýraræktin er mjög mikilvæg frá umhverfissjónarmiði þar eð hún nýtir til fôðurgerðar úrgang sem ella þyrfti að urða eða eyða með ærnum tilkostnaði. Mikilvægi þessa þáttar fer stöðugt vaxandi með aukinni kröfu samfélagsins um vistvæna meðferð úrgangs.

Við mat á hugsanlegum aðgerðum til stuðnings loðdýraræktinni nú, þarf að hafa í huga hvað búið er að fjárfesta í greininni á undanförunum árum, bæði af einkaaðilum og opinberum stofnunum og þann mikla kostnað sem samfélagið hefur lagt í til að tryggja áframhaldi rekstur hennar. Leggist loðdýraræktin af eru þeir fjármunir endanlega tapaðir.

9. Lokaorð

Eins og fram er komið er fóðurverðið það sem skiptir sköpum fyrir afkomu loðdýrabænda og möguleika þeirra í alþjóðlegri samkeppni. Áhrifaríkasta leiðin til þess að efla samkeppnisstöðu greinarinnar er að endurskipuleggja fóðurframleiðsluna þannig að verð á loðdýrafóðri verði sambærilegt við það sem gerist í samkeppnislöndunum. Þar til þeim áfanga hefur verið náð verði fóðurniðurgreiðslur auknar að því marki. Jafnframt verði hugað að öðrum mögulegum leiðum til þess að jafna samkeppnisaðstöðu greinarinnar gagnvart framleiðendum í öðrum löndum.